

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla 5. október 2015 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, Ingibjörg B. Bjarnadóttir og Smári Þorbjörnsson kennarar, Bryndís Jónsdóttir og Þorvar Hafsteinsson fulltrúar foreldra, Lilja Hrönn Hrannarsdóttir og Bjarki Kristjánsson fulltrúar nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

- 1. Byrjun skólaársins.** Byrjun hefur farið bratt af stað vegna skipulagsbreytinga á skólastarfinu hjá okkur í Vatnsendaskóla en er að setjast vel. GSJ var megnið af sumrinu að ráða kennara en það gengur verr en undanfarin ár. Dægradvölin fer líka vel af stað. Það tók einnig tíma að ráða þar en við erum heppin með starfsfólk. Það sem helst hamlar starfinu þar er að fólk hefur lítinn undirbúningstíma þar sem flestir sinna stuðningi við nemendur á skólatíma. Rætt var um að sumardvölin væri góð viðbót við starfið. Börnin þekktu umhverfið í upphafi skólaársins og væru öruggari með sig
- 2. Spjaldtölvuverkefnið.** Afhendingardagur til nemenda var 7. September. Fyrsta vikan fór að megninu til í að ná að tengja tækin en svo hefur þetta gengið betur. Kennarar eru farnir að kenna meira með tækjunum. Reyna að nota tækin til fjölbreyttari vinnslu á verkefnum. Nota ýmis smáforrit til að vinna með nemendum. Námsgagnastofnun hefur verið að vinna námsefni í rafrænt form að einhverju leyti. Nemendur tala um að flestir kennarar unglíngadeildar noti spjaldtölvurnar í kennslu sinni, líka með 10. bekkjum sem fengu ekki spjaldtölvur, en þau nota símana sína og bekkjarsettin. Klúbbastarfið í Dægradvölinni notar líka spjaldtölvurnar en þar er t.d. boðið upp á klúbb í Minecraft. Guðrún Soffía og Guðrún Vala tölvukennari fara í ferð til Danmerkur í lok mánaðar að skoða skóla þar sem spjaldtölvuverkefni er komið lengra á veg. Þar verða kostir og gallar svona verkefnis skoðaðir. Innleiðingarteymi skólans hefur einnig verið að ræða um reglur sem setja þarf nemendum. Margir nemendur hafa verið að taka myndir víðsvegar um skólann en þeir verða að gera sér grein fyrir að ekki má birta þær. Bryndís bendir á að skólinn verði að setja sér einhvers konar mörk varðandi skjátíma nemenda þannig að þeir verði ekki of háðir tækninni. Varðandi það að kaupa tækin þá hafa nánari upplýsingar um verð og fyrirkomulag ekki komið enn frá verkefnastjórninni. Lilja benti á að nemendur í 10. bekk hefði verið leiðir yfir því að fá ekki spjaldtölvu afhenta eða allavega tækifæri til að kaupa tæki á lægra verði eins og nemendur yngri bekkja. Þessi ákvörðun var tekin af verkefnastjórninni og bænum.
- 3. Önnur mál.** Bryndís: Barnaheill sendi út áskorun í haust um gjaldfrjálsan grunnskóla. Það er einhver túlkum í lögum um að ritföng og stílabækur séu persónuleg gögn. Nemendur þurfa að kaupa ritföng á haustin sem þeir nota aðeins í skólanum. Það mætti taka umræðu í kennarahópnum fyrir næsta haust um það hvað nemendur eiga að kaupa og hvort kaupa eigi dýrasta merkið. Líka að muna eftir að hvetja foreldra að nýta það sem til er frá fyrra ári. Ingibjörg ræddi um reynslu sína af því að skóli hennar barns kaupir inn öll skólagögn og rukkar svo foreldra. Þannig er hægt að stilla kostnaði í hóf,

allir eru með eins gögn og nýtingin á bókum og skriffærum er betri. Kennarar 3. Bekkja sáu um innkaup á ritföngum fyrir sína nemendur og rukkuðu. Þeirra hugmynd er að taka þetta lengra og kaupa líka stílabækur og möppur. Á innkaupalistunum okkar er minnt á að nýta áfram skóladót sem til er.

GSJ – við reynum að stilla öllum kostnaði í hóf. Tökum strætó eða pöntum rútur til að sækja viðburði. Leitum til bekkjarfulltrúa ef við viljum gera eitthvað sem kostar svo að foreldrar komi inn í það skipulag. Við erum með afsláttarsamninga við ýmis fyrirtæki og munum skoða það betur.

Þorvar: ekki hefur borist reikningur frá Kríunesi vegna kajakanna sl. vor.

Það vantar 5 metra langan tölvukapal í salinn þegar kemur fyrirlesari með eigin tölvu.

Bryndís: fyrirspurn varðandi fótboltavöllinn. Nú er nýbúið að leggja gervigrasvöllinn og hvaða efni var notað? Mikið búið að vera í umræðunni undanfarið þetta krabbameinsvaldandi dekkjakurl sem notað hefur verið á velli víðsvegar um land.

GSJ: Sendi fyrirspurn til framkvæmdadeildar Kópavogsbæjar varðandi þetta en hefur ekki fengið svör. Nú er skólalóðin loksins tilbúin, fótboltavöllurinn er klár og búið er að hreinsa lóðina og fjarlægja allt efni frá verktökum.

Bryndís: Spyr nemendafulltrúa hvort þau séu í góðum tengslum við nemendaráð til að fjalla um mál sem snerta nemendur. Lilja: Nemendaráð samanstendur af nemendum 10. bekkja.

Bryndís bendir á að fulltrúar nemenda ættu að kynna sig í bekkjum svo að aðrir nemendur geti leitað til þeirra með mál sem skólaráð gæti tekið fyrir.

Ákveðið var að halda sama fundartíma.

Næsti fundur verður mánudaginn 16. nóvember.

Fundi slitið kl. 9:25